



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu mála í Grandaborg**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 5. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Komin er upp alvarleg staða á leikskólanum Grandaborg. Þrátt fyrir að húsnæði leikskólans hafi verið tekið í gegn og mygluhreinsað í sumar finnur þriðjungur starfsfólks fyrir einkennum myglu og 6 starfsmenn eru frá vinnu. Starfsemi leikskólans hefur því verið skert verulega þannig að börn hafa verið send heim, aðlögun barna breytt og foreldrar verða að vera heima með börn sin einn dag í viku. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig hefur verið brugðist við þessari stöðu og hvort gripið hafi verið til ráðstafana til að tryggja börnunum og starfsfólki heilsusamlegt húsnæði á meðan verið er að gera húsnæði leikskólans myglufrítt. Þá er óskað upplýsinga um hvaða prófanir og myglumælingar voru gerðar áður en húsnæðið var tekið í notkun og hvaða aðilar sáu um það.*

#### **Svar:**

Framkvæmdir af einhverju tagi hafa verið við leikskólann frá því í september 2021 vegna rakaskemmda í húsnæðinu. Í október þurfti að loka leikskólanum vegna skólps sem hafði lekið úr röri undir húsinu, í skriðkjallara, og talin möguleiki á að loft þaðan bærist með loftræstikerfi um húsið. Ekki fannst nýtanlegt húsnæði fyrir allan leikskólann í nágrenninu og því þurfti að færa starfsemina í þrjá leikskóla sem höfðu rými. Þeir leikskólar eru Ævintýraborg Eggertsgötu (um 20 börn), Ævintýraborg Nauthólsvegi (um 20 börn) og Sunnuás í Kringlunni 1 (32 börn).

Haldið var áfram leit að húsnæði til þess að færa börnin nær sínu hverfi og 15. desember 2022 voru Grandaborgarbörn sem höfðu verið í húsnæði Kringunnar 1 flutt í nýtt hús sem staðsett er á lóð leikskólans Hagaborgar. Við flutning barna úr húsnæði Kringunnar 1 var einnig ákveðið að færa Grandaborgarbörn staðsett í Ævintýraborg við Nauthólsveg í húsnæði Hagaborgar. Til þess að færa öll börn í Grandaborg nær hverfinu sínu er ráðgert að þau sem eru í Ævintýraborg við Eggertsgötu færast haustið 2023 yfir í Gullborg. Leikskólinn verður þá á tveimur stöðum það er í Hagaborg og í Gullborg þar til að framkvæmdum við Grandaborg líkur. Framkvæmdaáætlun er í vinnslu og enn er óljóst um verklok.

Fram kemur í skýrslu að tekin voru fjögur loftsyni innandyra ásamt viðmiðunarsýnum utandyra 17. september 2022. Einnig voru tekin fjögur snertisýni innandyra. Sýnatökustaðir voru valdir af verkkaupa. Loftsynin voru tekin með loftsynatæki og á loft- og snertisýnaskálar var notað Rose Bengal æti, sem er sérhæft næringaræti til þess að rækta upp myglusveppi. Skálarnar voru ræktaðar við 25°C í 120 klst. Það var Guðni Örn Jónsson verktaki sem sá um að taka sýnin og voru þau send á rannsóknarstofuna Sýni til ræktunar.